

Hæstvirtur ráðherra, háttvirtir alþingismenn, ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!

Erfiðir tímar hafa litið dagsins ljós á Íslandi. Bjartsýnislögmálið okkar

„Þetta reddast allt“

hefur beðið skipbrot. Menn ganga hnýpnir um í einrúmi en bera sig mannalega útávið. Þúsundir milljarða sem svarar til nokkurra ára landsframleiðslu hafa horfið sem döggr fyrir sólu.

Þrátt fyrir að útflutningsverðmæti þess afla sem trillukarlar færðu á land á nýliðnu fiskveiðiári hafi slegið öll met dugar það skammt til greiðslu þeirra skulda sem stjórnendur bankanna þriggja hafa komið okkur í. Þar dugar ekki til aflaverðmæti alls smábátaflotans í heila öld.

Á þessum tíma fyrir fimm árum gerði ég að umtalsefni að fyrrverandi forsætisráðherra hefði sýnt frelsinu gula spjaldið.

Ég fléttaði inn í þá viðvörun árásum nýrra aðila á þróaðan og rándýran ferskfisksmarkað erlendis. Sá aðili nýtti sér áralangt markaðsstarf til inngöngu með undirboði. Að sjálfsgöðu löglegt, en siðlaust með öllu.

Í þeirri orrahríð sem nú geisar er undirrótin taumlaus græðgi beggja vegna borðsins. Dælt hefur verið lánsfé í Íslendinginn sem kaupir og kaupir, virðist aldrei mettur.

Tilboð um ofurvexti til sparifjäreigenda erlendis til að fjármagna lánin þar sem arður af keyptum eignum hefur ekki náð að standa undir afborgunum af þeim eða hann hefur horfið sporlaust.

Við allan bægslaganginn er stigið á marga sem hafa haft sömu aðila í viðskiptum. Ekki ólíklegt að þeir hugsi hinum nýju spútnikerum þegjandi þörfina. Skipuleggi sig bakvið tjöldin og hafa nú reitt hátt til höggs og mélað allt mélinu smærra hjá víkingunum sem nú eru flúnir. Land útrásarvíkinganna skyndilega orðið litla Ísland þar sem allt er í rjúkandi rúst.

Okkar dásamlega land hefur verið fært aftur um tugi ára í efnahagslegum skilningi og trúverðugleika. Stjórnvöld og embættismenn sitja vanmáttug yfir öskunni og reyna að blása eldi í glæðurnar, grípa ljósið og snara til yfirlýsingar sem reynist aðeins neisti úr ört kulnandi glæðum.

Menn slá um sig og segja

„það hefur enga þýðingu að líta í baksýnispegilinn, við verðum að vera bjartsýn og upplifa hamfarirnar sem ný tækifæri“.

Hvers konar rugl er þetta spyr ég?

Það er flótti frá raunveruleikanum að þora ekki að líta yfir farinn veg og láta hann svara okkur um það sem aflaga fór.

Hvers vegna er eftirfylgninni svo ábótavant sem raun er á?

Forsætisráðherrann fyrrverandi sendi skýr skilaboð með úttekt sinni í KB banka 2003. Mörgum varð á orði,

„hann er maður orða sinna“

og fetuðu í fótspor hans.

En hægði það á „víkingunum“? Nei aldeilis ekki. Þeir taka ekkert mark á:

„svona gerum við ekki“,

sem almenningur étur eftir en er búið að snarsnúa á augabragði af ímyndunarsérfræðingum víkinganna. Og ekki liðnar nema nokkrar vikur þar til skoðanakannanir sýndu að flokkur forsætisráðherrans hafði tapað fylgi.

Áfram var trúað á gömlu gildin: **„svona gerum við ekki“**. Það

spurðist þó út mitt í gjörningaveðrinu í lok nóvember 2003 að í

Fjármálaeftirlitinu væri hafin vinna við að skoða hvort ástæða væri til að lögfesta óskráðar reglur um siðferði, innan hlutafélaga.

Vonandi að þeirri skoðun fari nú brátt að ljúka!

Engin löggjöf sett til að koma í veg fyrir frekari afgang og græðgin hélt áfram að spila með stjórnendum bankanna, hún var látin hlaupa með vagninn til sinna nánustu.

Rauða spjaldið var **aldrei** sýnt, eftirfylgni fyrirheita var engin.

En man einhver hér inni hvers vegna forsætisráðherrann fyrrverandi sýndi fjármálafrelsinu gula spjaldið.

Jú það voru kaupréttarsamningar og ægivald þeirra.

Ég er þeirrar skoðunar að reynsla síðustu vikna sýni okkur óumdeilt að ef tekst að koma hinum frjálsa markaði á lappir aftur þá skuli hann fá þau skilaboð að rauð spjöld verða notuð þegar á þarf að halda. Það hefur sýnt sig að það þýðir enga linkind við frelsið, það bíður ekki eftir neinum, heldur æðir áfram eins og dæmin sanna. Hér eftir verða að verða öflugar hindranir á vegi þess.

Ég er líka þeirrar skoðunar að rauða litinn eigi einnig að sýna þeim sem við treystum til að hafa eftirlit og þeim sem báru og bera ábyrgð á eftirlitinu. Sömu meðferð eiga stjórnendur fjármálafyrirtækjanna að fá. Þeir sem hluthafar greiddu ofurlaun sem þeir kröfðust fyrir að axla hina gríðarlegu ábyrgð. Ábyrgð þeirra hlýtur að hafa verið í réttu hlutfalli við launin. Stjórnir fyrirtækjanna og eftirlits eru ekki undanskildar því að sjá rautt.

Góðir fundarmenn

Ég hef nú lokið hefðbundnum formála skýrslu minnar til ykkar sem ég í hverju tilfelli tel að eigi við.

Aflinn

Nýliðið fiskveiðiár var einstakt af því leyti að fara þarf aftur til ársins 1918 til að finna minni þorskafla á Íslandsmiðum. Á fiskveiðiarinu sem lauk 31. ágúst sl. veiddust 138.580 tonn af þorski eða 35 þúsund tonnum meira en fyrir 90 árum.

Á tímum tækni, stjórnunar, þekkingar svo eitthvað sé nefnt hlýtur þessi staðreynd að vera reiðarslag fyrir hámenntaða þjóð sem á meira undir gjöfulem fiskimiðum en flestar aðrar þjóðir í veröldinni. Þau eru því fleiri, en hér var gert að umtalsefni, stóraföllin, sem þjóðin þarf að glíma við á árinu 2008.

Staða trillukarla er gríðarlega sterk í efnahagslegu tilliti. Hlutfall fiskafla í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar hefur aukist og mikilvægi ykkar þar með. Þjóðin þarf á öllum ykkar mætti að halda á komandi árum þegar stjórnvöld taka ákvörðun um aukinn þorskafla. Nú ríður á að standa stórviðrið af sér, þrauka þar til stjórnvöld viðurkenna þekkingu ykkar á lífríki og breyta eftir því.

Á sínum tíma var bent á að niðurskurður um þriðjung þorskafla hefði áhrif á fleira en efnahag útgerðar, sjómanna og þjóðarinnar í minnkun aflaverðmætis. Markaðir myndu tapast og miklu fé þyrfti að verja til að vinna þá aftur. Slíkt hefur gerst. Samdráttur í sölu ferskra þorskflaka nemur 22% eða rúmum 1200 tonnum á fyrstu 8 mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Því er áriðandi að þegar ákvörðun verður tekin um aukinn afla að taka mið af markaðsaðstæðum þannig að við hámörkum verðmæti þess sem veitt er.

Stjórnámálamenn hafa verið duglegir að horfa til sjávarútvegsins á undanförunum dögum sem einn af bjargvættum þjóðarinnar. Ég veit að þið standið undir því, en staðan er ekki þannig að allt sé í himnalagi. Það er langt frá því að innkoma hafi hækkað til jafns við fall gengisins og þar með hækkun skulda. Þá hefur allur kostnaður aukist gríðarlega milli ára.

Mánudaginn fyrir ári, 22. október var gengisvísitalan 117 stig, breskt punt kostaði 125 og evran 87. Nú ári síðar sl. mánudag var gengisvísitalan 201 stig, pundið kostaði 195 og evran 150. Hækkun gengisvísitölu um 72% sem svarar til sambærilegrar hækkunar erlendra lána sem hvíla á langflestum útgerðum smábáta.

Á sama tíma í fyrra var meðalverð á þorski á mörkuðunum 260 krónur og fyrir ýsuna fengust 143 krónur. Nú ári síðar sl. mánudag var þorskur seldur á nánast sama verði eða 266 krónur en ýsan gaf okkur 205 krónur.

Af þessum einfalda samanburði má sjá að það er ekki hægt að hrópa um torg að allt sé í himna lagi í sjávarútveginum og byggja á því að fiskverðið hafi hækkað svo mikið. Sú er ekki raunin og talsverðar líkur á að hækkun sé ekki í spilunum.

Hér á landi sýna neyslukannanir að þegar kreppir að þá minnkar sala á dýrustu matvælunum t.d. lundum og file. Nágrannar okkar á meginlandi


Evrópu eru ekkert öðruvísi. Þar hefur kaupmáttur einnig minnkað og þar er fiskur frá Íslandi í toppsætum hvað verðlag á matvöru viðkemur. Það verður því við ramman reip að draga á fjölmörgum sviðum - ástand sem sér ekki fyrir endann á.

Ég ítreka að fara verður varlega í kvótaaukningu, taka verður tillit til markaðsmála.

Mikilvægi trillukarla í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar sést best á háu hlutfalli í þorski, ýsu og steinbít. Af öllum þorski sem aflaðist á síðasta fiskveiðiári var hlutur ykkar 22% eða 30.120 tonn, þá veiddu þið fimmtung allrar ýsu - 22.047 tonn og rúman þriðjung steinbítsins - 5.145 tonn.

Á nýliðnu fiskveiðiári varð heildaraflí smábáta 65.052 tonn. Alls samanstóð hann af 46 tegundum, en megin uppistaða aflans eða 80% eru þorskur 46% og ýsa 34%. Þá var steinbítur 8% heildaraflans og ufsi 4%. Verðmæti þess afla sem þið færðuð að landi var 12,9 milljarðar og útflutningsverðmæti hans 26 milljarðar.

Það vakti athygli margra sem heimsóttu sýningarsvæði LS á sjávarútvegssýningunni hversu gríðarleg verðmæti þetta eru. Til samanburðar skal tekin álframleiðsla 2007. Innflutt súrál nam 20 milljörðum það ár og útflutt ál 80. Nettó útflutningsverðmæti áls nam því 60 milljörðum. Útflutningsverðmæti ykkar var því rúmlega 40% af verðmæti álframleiðslunnar. Það þarf því engum að dyljast lengur hversu mikilvægt framlag ykkar er til þjóðfélagsins.



Alls voru 715 smábátar skráðir með afla á síðasta fiskveiðiári. 611 bátar voru í krókaafلامarki og 104 í aflamarki. Meðaltalsafli krókabátanna var 100 tonn en 36 tonn í aflamarkinu.

Afli [tonn]	Aflamark	Krókaafلامark	Samtals
Afli alls	3.719	61.343	65.052
Þorskur	1.823	28.297	30.120
Ýsa	731	21.317	22.047
Ufsi	169	2.536	2.705
Steinbítur	229	4.916	5.145
Fjöldi báta	104	611	715
Afli / bát	36 tonn	100 tonn	91 tonn

Áhafnir tveggja báta í krókakerfinu náðu þeim frábæra árangri að fiska yfir 1000 tonn. Sirrý ÍS þar sem Sigurgeir Þórarinsson er skipstjóri með 1.211 tonn og Guðmundur Einarsson sem Egill Jónsson stjórnar með 1.195 tonn. Báðir bátarnir eru gerðir út frá Bolungarvík. Í aflamarkinu var Reynir Þór aflahæstur með 331 tonn, skipstjóri hans er Víðir Herbertsson. Skipstjórunum þremur og áhöfnum þeirra óska ég til hamingju með árangurinn.

Aldinn sjómaður sem heimsótti sjávarútvegssýninguna sagðist ekki trúa því að hægt væri að fiska yfir 1000 tonn á smábát, hvað þá að gera hann út á Vestfjarðarmið. Þetta hljóta að vera ofurmenni sem þar væru við stjórnvölin. Hann bætti því einnig við að þetta benti til að stofnar þorsks, ýsu og steinbíts hlytu að vera í góðu lagi fyrir vestan. Leit svo beint í augu mér og sagði: „Ertu búinn að láta Hafrannsóknastofnun vita af þessu?“ Hló síðan með miklum bakföllum!

Það eru greinilega fleiri en trillukarlar sem eru ósammála mati Hafrannsóknastofnunar á stærð fiskistofnanna.

Það er von mín að þetta ár verði enn betra en nýliðið fiskveiðiár. Fréttir nú í haust benda til að þorskveiðin sé áfram góð sem meðaflaveiði, svipuð byrjun og undanfarin ár. Ýsan virðist vera örlítið að gefa eftir. Steinbítisfréttir á þessum árstíma eru rýrar. Ég tel hins vegar rétt að benda á að sókn dreginna veiðafæra hefur stórauðist í steinbítinn. Hlutdeild botnvörpu og dragnótar var fyrir fimm árum 45% en er nú orðinn 60%, hefur þannig aukist um þriðjung á þessu tímabili.

Fyrir aðalfundinum liggja fjölmargar ályktanir og er það meðal annars hlutverk fundarins að tala sig til samkomulags þar sem skoðanir eru skiptar. Það hefur fulltrúum á aðalfundi ávallt tekist og ekki ástæða til að ætla að breyting verði þar á nú.

Línuviltun

Nýting á þorsk- og steinbítisafli sem ætlaður er til línuviltunar hefur minnkað undanfarin ár. Erfitt er að koma með einhverja eina skýringu á því, spilar þar bæði inn í að hlutur vélabáta í heildarafla hefur vaxið og minnkun orðið á aflaheimildum í þorski. Auk þessa hefur þenslan haft þau áhrif að erfiðara hefur reynst að fá fólk til að vinna við beitningu. Á þessu kann að verða breyting á næstu vikum og því nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á reglum um línuviltun.

Línuviltun	Þorskur		Ýsa	Steinbítur
Tímabil	Viltun	Nýting		
1. febr. 2004			482 tonn	417 tonn

2004 / 2005	2.935 tonn	87%	1.487	101%	552	86%
2005 / 2006	3.037 tonn	90%	1.626	110%	680	106%
2006 / 2007	2.454 tonn	73%	1.753	119%	550	85%
2007 / 2008	1.705 tonn	51%	1.733	100%	440	49%


Eins og bent var á þegar hún var tekin upp er hún atvinnuskapandi og eykur verðmæti þess afla sem í land kemur. Með auknum línuveiðum sparast eldsneyti, aldursflokkadreifing aflans verður meiri og veiðafærið er óumdeild með því umhverfisvænasta sem hægt er að nota við veiðar. Ég tel því að nú sé lag að ná enn frekar áfram með línuívilnun og það eigi að vera krafa fundarins að hún nái til allra dagróðrabáta. Hægt væri að hugsa sér að hún verði aukin í þorskinum, hækkuð í 20% hjá þeim sem nú hafa ívilnun, trektarbátar fái 15% ívilnun og vélabátar 5%. Þannig tel ég að sá þorskafli sem nú er til hennar er ætlaður náist.

Auk þessa þarf enn að ítreka nauðsynlega breytingu á skilyrði um löndun í sömu höfn og línun er tekin um borð, eins sjálfsagt og það er hefur enn ekki tekist að fá ákvæðinu breytt.


Grásleppuvertíðin

Grásleppuvertíðin gekk vel. Bráðabirgðatölur sýna að aflaverðmætið varð á milli sex og sjöhundruð milljónir sem nægði til söltunar hrogna í 11 - 11.500 tonn. Alls stunduðu 229 bátar veiðarnar sem dreifðust á 44 útgerðarstaði.

Fjöldi grásleppuleyfa eftir veiðisvæðum



Heildarfjöldi grásleppuleyfa



Verðin sem menn voru að fá voru mjög misjöfn, allt frá því að þau náðu ekki 60 þús fyrir tonnuna upp í 136 þús. Fyrir blaut hrogn var verðið á bilinu 370 - 440 kr / kg.

Eins og síðustu ár var veiðitími 50 dagar og hófst vertíðin frá Grindavík 1. mars. Á Norðurlandi byrjuðu margir 10. mars og upp úr 20. mars höfðu flestir hafið veiðar nema í innanverðum Breiðafirði. Veiðunum var lokið í byrjun ágúst. Veður á vertíðinni var víðast hvar með betra móti og var lítið um netatjón.

Við upphaf vertíðar lagði LS út með að veiðimenn væru búnir að tryggja sér verð og magn sem hægt væri að selja, en eins og svo oft áður var lítið um slíka samninga. Flestir lögðu, með því loforði að það yrði keypt allt af þeim á hæsta verði!!

Einnig lagði LS áherslu á að veiðin færi ekki umfram 8000 tonnur en það var það magn sem hæfilegt þótti að veiða hjá okkur, Nýfundnalendingum og Grænlandingum. Þá var gert ráð fyrir að afli Norðmanna yrði 4000 tonnur. Allt undir 30 þús. tunnum væri ávísun á stöðugleika upp á við í verði.

Skemmst er frá því að segja að veiði brást á Nýfundnalandi og myndaðist því mikil eftirspurn eftir hrognum sem þrýsti verðinu upp eins og áður var sagt.

Áætluð heildarveiði er milli 24 og 25 þús. tunnur.

Næsta vertíð gæti því byrjað með mikilli eftirspurn og hyggst LS koma að sölumálum hroga með beinum hætti í fyrsta sinn. Stefnt er að því að LS geti boðið félagsmönnum fyrirfram samninga á ákveðnu verði.

Samningar

Þau merku tímamót í sögu LS urðu í sumar að gerður var samningur við Starfsgreinasamband Íslands um laun við ákvæðisvinnu við línu og net. Er hér á ferðinni fyrsti kjarasamningur í sögu félagsins. Viðræður stóðu yfir með hléum í hálf ár. Ritað var undir samninginn 8. júlí sl. og hann borinn upp í stjórn LS 10. júlí og samþykktur þar með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Í samninganefnd LS voru Alexander Kristinsson, Arthur Bogason, Halldór Ármannsson, Pétur Sigurðsson og Örn Pálsson. Formaður nefndarinnar var Pétur Sigurðsson.

Enn er ósamið við sjómannasamtökin um lágmarkskjör á smábátum.

Samningur sem skrifað var undir 22. desember sl. var felldur í öllum

svæðisfélögunum. Áframhaldandi viðræður við sjómannasamtökin var

áformað að hefja í september en yfirstandandi umrót í þjóðfélaginu hefur komið í veg fyrir það.

Ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir

Umhverfismerki

Í rúmt ár hefur LS nú unnið að upptöku sérstöku gæðamerki fyrir smábáta sem nær auk þess til þeirra fisktegunda sem er uppistaðan í veiðinni og vinnsluaðila í landi.

Merkið sem hér um ræðir er sænskt, KRAV.



Sviarnir eru nú að vinna úr upplýsingum um bátana, veiðifyrirkomulag og allt sem tengist þeim.

Vonir eru bundnar við að merkið og sú viðurkenning sem því fylgir ætti að gera fisk frá trillukörlum á Íslandi enn áhugaverðari og þar með að skila hærra verði.

Þátttaka LS á sjávarútvegssýningunni 2008

Eins og fram kom hér á undan tók LS þátt í sjávarútvegssýningunni 2008. Góður rómur var gerður af sýningarsvæðinu og heimsóttu það fjölmargir félagsmenn og aðrir gestir sýningarinnar. Boðið var upp á myndbrot úr kvikmyndinni „Þeir fiska sem róa“, margvíslegan fróðleik tengdan smábátæigendum, bæklingur og BRIMFAXI og síðast en ekki síst „Ferskt úr

sjó“ sem sló í gegn. Á annað þúsund skammtar boðnir af þessum rétti sem rann ljúflega niður í gesti. Sjávarútvegssýningin var vel heppnuð og þrátt fyrir hið dapra ástand í efnahagslífinu var þátttaka ágæt.

Verðlagsstofa skiptaverðs

1. janúar sl. voru smábátæigendur settir undir lög um Verðlagsstofu skiptaverðs. Sjö ár eru frá því fyrst var farið að knýja á um að trillukarlar heyrðu til þessa lagaumhverfis. Þar til á síðasta ári hafði tekist að standa þar fyrir utan, enda LS ekki aðili að kjaradeilu sjómannasamtakanna og LÍÚ. Stærri bátar og fleiri í áhöfn gerðu það síðan að verkum að meirihluti alþingismanna ákvað að lögin tækju til smábátútgerðarinnar og þar við situr. Ekki er annað að heyra en smábátæigendum hafi tekist vel með að fóta sig í hinu nýja lagaumhverfi.

Hámarkseign hlutdeildar

Eitt er það málefni sem ég vil víkja hér að sem ekki hefur verið fjallað um á aðalfundum svæðisfélaganna sem haldnir voru nú í haust. 1. september 2009 koma til framkvæmda ákvæði um hámarkseign á veiðiheimildum í krókakerfinu. Eins og fram kom á sínum tíma var eitt fyrirtæki, Stakkavík, yfir mörkunum þegar lögin voru sett. Nánast allt þetta ár hefur markaður með veiðiheimildir verið brogaður og ekki bætti úr skák sú holskefla sem nú ríður yfir. Ég er þeirrar skoðunar að fara eigi fram á við sjávarútvegsráðherra að fresta framkvæmd þessa ákvæðis um nokkur ár vegna þess ástands sem nú ríkir.

Gildi-lífeyrissjóður

Í Gildi lífeyrissjóð greiða flestir smábátæigendur og áhafnir þeirra. Forveri Gildis voru Lífeyrissjóður sjómanna og Lífeyrissjóðurinn Framsókn. Í mörg ár hafði LS knúið á um að fá aðild að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna. Lengst komst LS í þeirri sókn er þáverandi formaður Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis lýsti því yfir að félagið ætti að fá mann í stjórn sjóðsins. Við innheimtu á efndum var því svarað að í stjórn sjóðsins væru fulltrúar sem gættu hagsmuna trillukarla.

Fyrir aðalfund Gildis í apríl sl. veitti ég því athygli að eignahlutur sjóðsins í félögum skráðum í Kauphöllinni var skráður 47 milljarðar um sl. áramót. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að sjóðurinn var meðal stærstu eignaraðila í nokkrum félögum. Í einu félaginu var hann m.a. annar stærsti eigandinn. Við skoðun 22. júlí sl. var ljóst að verðgildi eignarhlutar Gildis hafði rýrnað um þriðjung, eða um 15 milljarða, sem er nánast sama upphæð og sjóðurinn greiddi í bætur og fékk í iðgjöld á sl. ári. Einnig kom í ljós að sjóðurinn hafði aukið eignarhlut sinn í nokkrum félögum samtímis sem þau voru að lækka í verði. Af þessu tilefni ritaði ég stjórn sjóðsins bréf þar sem lýst var áhyggjum yfir stöðu sjóðsins þar sem hún gæti leitt til réttindaskerðingar sjóðfélaga. Einnig var spurt um hagnaðarmarkmið sem sjóðurinn setti sér og hvert væri markmið hans með stórum eignarhlut í einstaka félagi. Auk þess var spurt um hvernig sjóðurinn hygðist bregðast við vísbendingum sem komið hefðu fram um brot stjórnenda FL Group hf á lögum um hlutafélög. Skemmst er frá því að segja að svar barst um hæl. Það mátti túlka á þann hátt að landssambandinu kæmi þetta ekkert við.

Athugið félagsmenn góðir. Þið sem greidduð vel á fjórðahundrað milljóna til sjóðsins á sl. ári.

Engin hættu er á að LS muni láta hér staðar numið þó allt hafi nú farið á miklu verri veg en svartsýnustu menn spáðu.

Við endurreisn og uppstokkun á lífeyrissjóðakerfinu sem óhjákvæmileg er, verður að gera þá kröfu að við fjárfestingu í hlutafélögum skuli stefnt að því að eiga aðild að stjórn félaganna. Mér er það í raun og veru óskiljanlegt hvers vegna það hefur ekki verið gert. Ég er sannfærður um að ef stjórn Gildis lífeyrissjóðs hefði átt fulltrúa í stjórn þessara félaga væri staða sjóðsins önnur. Hægt hefði verið að fylgjast betur með rekstri þeirra og áhættum sem virðast hafa verið sem vírus hjá þeim öllum.

Góðir fundarmenn - við eigum að gera kröfu um að LS eigi fulltrúa í stjórn Gildis lífeyrissjóðs, ennfremur að lífeyrissjóðurinn eigi menn í stjórn þeirra félaga sem fjárfest er í í samræmi við eignahlut.

Ný tegund - makrill

Á árinu hófu smábátæigendur frá Hornafirði veiðar á makrill. Ekkert gekk í fyrstu en við lok vertíðarinnar voru þeir sannfærðir um að veiðar á makrill á

smábátum væru raunhæfur kostur og gæti vel skilað arði. Gera má ráð fyrir að fleiri bátar leggi til við makrílveiðar á næsta ári og hefur af því tilefni verið óskað eftir því við sjávarútvegsráðherra að komi til kvótasetningar skuli hún ekki ná til krókaveiða.

Rafrænar afladagbækur

Samkvæmt reglugerð áttu rafrænar afladagbækur að vera komna í smábáta fyrir 1. október sl. Tæknilegir örðugleikar komu í veg fyrir að slíkt gengi eftir. Fjöldmargir smábátæigendur hafa óskað eftir undanþágu frá ákvæðinu og er veittur frestur til 2012.

Svo virðist vera að endurskoða þurfi lögfestingu rafrænna afladagbóka. Það kerfi sem er í dag hefur reynst ágætlega. Gefa mætti hins vegar kost á að senda hana rafrænt frá heimili hálfsmánaðarlega.

Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 15 héldu aðalfundi í september og október. Ágæt mæting var víðast hvar og öll sendu félögin frá sér ályktanir. Litlar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Nýr formaður var kosinn í Bárinni, sem er Jón Höskuldsson. Hann tekur við af Gunnari Pálmasyni sem gengt hefur starfi formanns þar undanfarin ár. Þá hefur Elding boðað formannsskipti, en Gunnlaugur Finnbogason gaf ekki kost á sér áfram.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið

Við skiptingu aðalfundarfulltrúa er miðað við fjölda þeirra báta sem skráðir eru á hverju félagssvæði, nema eigandi ákveði sérstaklega að vera í öðru félagi. Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 91 bát skráðan, næst í röðinni er Reykjanes með 88 báta og fast á eftir er Elding með 87 báta.

Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

www.smabatar.is lifir góðu lífi, algengt að teljarinn breytist um 500-600 á sólarhring. Á tímabilinu milli aðalfunda hafa heimsóknir verið 156.360, það eru 428 að meðaltali hvern dag ársins. Er það aukning frá síðasta tímabili, eða að meðaltali 67 fleiri á hvern dag.

Á tímabilinu hafa verið birtar 202 fréttir á heimasíðunni, þannig að markmiðið með að hafa eina frétt á hverjum virkum degi hefur ekki náðst. Á sama tímabili í fyrra voru fréttirnar 195.

Á síðasta aðalfundi sagði ég að fyrirhugaðar væru breytingar á heimasíðunni. Nú hafa þær litið dagsins ljós. Meðal nýjunga er þægilegt skipulag á eldri fréttum, auðvelt að leita að fréttum með að slá inn leitarorð, hægt er að tjá sig um einstaka fréttir o.fl.

Og að síðustu til að taka af allan vafa, þá er Einar á Flateyri búinn að beita bjóðið!

Brimfaxi félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjávarútvegssýninguna. Blaðið mun því ekki koma út um jólin eins og venja er heldur er stefnt að næsta blaði á sjómannadaginn 2009.

Stjórn LS

hélt 4 fundi á árinu. Fyrsta eftir síðasta aðalfund, annan 7. mars, þriðja 10. og 11. júlí og þann fjórða nú í gær, 22. október. Fjöldi mála voru rædd og afgreidd á þessum fundum og kann ég stjórninni bestu þakkir fyrir gott samstarf og skilvirka ákvarðanatöku.

Einnig þakka ég grásleppunefnd fyrir góðan fund í byrjun febrúar.

Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Arthuri, þakka ég fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu.

Ágætu þingfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna þar sem ályktanir eru alls 122, en voru 104 í fyrra.

Auk þess sem ég hef hér tæpt á vil ég vísa til gagna í möppunum ykkar og svo að sjálfsögðu heimasíðu LS. Þá mun ég fylgjast með störfum nefnda hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innanhandar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 24. aðalfundar Landssambands smábátæigenda.

Að þessu mæltu lýk ég máli mínu.

Takk fyrir.